

Stjórnarfundur FEBSEL 12.02 haldinn á Skólabraut 5 kl. 16.00.

Mættir: Kristbjörg, Sigríður, Stefán og Aðalbjörg.

Dagskrá:

1. Matarsendingar til eldri borgara.

Mikil óánægja er með matinn sem eldra fólki er boðið upp á, hann sé óaðlaðandi, ekki bragðgóður og dýr. Þeim hefur fækkað mjög sem nýta sér þessa þjónustu en aðeins 6-7 manns fá sendan mat að staðaldri. Bæjarstjóri tók að sér að bæta matarmálin.

2. Málefni Öldungaráðs

Öldungaráð Seltjarnarnesbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar. Hlutverk þess og markmið er að vera vettvangur samráðs íbúa 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjaryfirvalda.

Umræður um hlutverk og stefnu bæjarins varðandi eldri borgara hér í bæ. Ákveðið að senda inn formlega fyrirspurn til bæjarins fyrir næsta fund ráðsins varðandi stöðu þessara mála.

3. Bjartur lífsstíll

Baldur Pálsson er ábyrgðarmaður verkefnisins „Bjartur lífsstíll“ hér á Seltjarnarnesi. Kynningarfundur verður haldinn eftir 2-3 vikur.

Gróttu og bærinn munu kynna það sem í boði er hér varðandi hreyfingu.

Ákveðið að félagið kynni einnig verkefnið á heimasíðu sinni svo og allt sem er í boði innan bæjarfélagsins varðandi hreyfingu fyrir eldra fólk.

4. Aðalfundur FebSel

Aðalfundur félagsins verður haldinn miðvikudaginn 26/2 kl. 16:00 og hefst með kaffidrykkju. Gengið til dagskrár kl. 16:30.

Ákveðið að bjóða Baldri Pálssyni að kynna „Bjartan lífsstíl“ á fundinum.

5. Fundur á vegum félagsins á Bókasafni Seltjarnarness

Næsti fundur verður í mars. Fundarefni ekki ákveðið.

6. Önnur mál

- Sigríður kynnti ársreikning félagsins sem lagður verður fram á aðalfundinum.
- Félagsheimilið. Rætt um mikilvægi þess að fá það í gagnið sem fyrst og fá afnot af því fyrir eldri borgara á daginn.
- Samgöngusáttmálinn og tengingar hingað á Seltjarnarnes. Verkefnið skammt á veg komið.
Verkefni samgöngusáttmálans skiptast í fjóra meginflokka sem eru: Stofnvegir, Borgarlína og strætóleiðir, göngu- og hjólastígar og verkefni tengd umferðarstýringu, flæði og öryggi. Gildistími sáttmálans hefur verið lengdur til ársins 2040 til að tryggja raunhæfan tímaramma fyrir undirbúning og fjármögnun.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:45.

Aðalbjörg J. Finnbogadóttir ritari.